

## **II. Frumvarp**

til laga um breyting á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

(Lagt fyrir Alþingi 1923).

### 1. gr.

Nú hendir mann eða konu, sem fyrir ómegð hefir að sjá, slys eða vanheilindi svo styrks þarf af þessum sökum að leita af sveitarfje, og skal sá styrkur, sem heimilið þarf til framfæris, lyfja og læknishjálpar, ekki talinn sveitarstyrkur, ef styrkþurfi sannar með vottorði hlutaðeigandi hjeraðslæknis, að slysið eða vanheilsan, sem styrkþurfi átti ekki sjálfur sök á, hafi gert hann óhæfan til vinnu minst um tveggja mánaða skeið, enda þurfi heimilið ekki uppheldisstyrk lengri tíma en sem svarar þeim, er styrkþurfi var frá vinnu vegna vanheilsunnar.

### 2. gr.

Styrkur, sem veittur er af sveitarfje manni eða konu, sem er fullra 65 ára að aldri, skal ekki talinn sveitarstyrkur.

### 3. gr.

Aður en utansveitarþurfalingi er veittur styrkur, skal skýrsla sú, sem umræðir í 64. gr. fátækralaganna, tekin á þann hátt, er þar segir, og rituð á eyðublöð, er atvinnumálaráðuneytið semur í þessu skyni, nema skýrslan sje tekin í rjetti.

### 4. gr.

Nú hefir utansveitarþurfalingur án þess að þiggja af sveit, haft löglegt heimilisfang í dvalarhreppi sínum síðustu 3 árin áður en honum er veittur styrkur eftir lögum þessum og verður hann þá ekki fluttur á framsærslusveit sína, nema hún krefjist þess eða þurfalingurinn með úrskurði lögreglustjóra dvalarhjeraðsins, eftir þeim gögnum sem fyrir liggja, verði, samkvæmt kröfu dvalarsveitar talinn kominn á stöðugt sveitarframfæri.

Úrskurði lögreglustjóra verður ekki áfrýjað. Eftir að slíkur úrskurður er genginn, greiðir framfærslusveitin allan styrk, sem þurfaingurinn fær á meðan hann verður ekki fluttur. Að öðru leyti fer um endurgreiðslu styrks og tilkynningar dvalarsveitar til framfærslusveitar og viðurkenningu hennar á sveitfesti eftir reglum fátækralaganna.

5. gr.

Eftir 21 árs aldur vinnur hver sá, sem hefir íslenskan ríkisborgararjett, sjer framfærslurjett í þeirri sveit, þar er hann hefir dvalist í 5 ár samfleytt búandi, vistfastur eða haft löglegt heimilisfang, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk eða styrk eftir þessum lögum á þeim árum.

6. gr.

Hjer heimilisfastir danskir ríkisborgarar vinna sjer sveit eftir þeim reglum, er segir í 5. gr.

Aðrir utanríkismenn vinna sveit hjer á landi, þá er þeir fá íslenskan ríkisborgararjett, og eiga þá framfærslurjett í þeirri sveit, þar sem þeir eiga lögheimili er þeir öðlast ríkisborgararjettinn, þangað til þeir hafa unnið sjer sveit, eftir reglum 5. greinar, annarstaðar.

7. gr.

Þeirri sveitfesti, er menn hafa unnið sjer áður en lög þessi ganga í gildi, halda þeir þangað til þeir þar eftir hafa unnið sjer sveitfesti annarstaðar samkvæmt lögum þessum. Að öðru leyti fer um sveitfesti manna frá þeim degi að telja. er þau öðlast gildi, svo sem segir fyrir um í lögum þessum. Þó skulu þeir menn, er dvalið hafa síðustu 5 árin, áður en lögin komu í gildi, sveitfestisdvöl í einhverri sveit, vinna sjer þar framfærslusveit, ef þeir halda áfram dvöl sinni þar á eftir í hinni sömu sveit enn 2 ár, og að öðru leyti uppfylla skilyrði laga þessara. Ef mann skortir minna en 2 ár til þess að hafa unnið sjer sveit með 10 ára dvöl þá er lög þessi öðlast gildi, þá þarf hann þó ekki að halda áfram dvöl sinni í sömu sveit nema þann tíma, sem á vantar til þess að 10 árin verði full, enda uppfylli hann að öðru leyti lög-mælt skilyrði fyrir sveitfesti. Enginn getur hafa unnið sjer sveit fyr en hann er fullra 26 ára að aldri.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi feldar 32., 36. og 37. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 og önnur ákvæði, sem koma kunna í bága við þessi lög.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1924.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í neðri deild Alþingis 1917 var samþykkt svohljóðandi þingsályktun:  
»Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að undirbúa eða láta undirbúa frumvarp til nýrra fátækralaga, er bæti úr göllum þeim, sem eru á núgildandi fátækralögum, einkum er eftirgreind atriði snertir:

1. Að styrkur sá, er sveitar- og bæjarsjóðir veita mönnum vegna ómegðar, slysa, sjúkdóma og elli, verði eigi talinn sveitarstyrkur, svo að þeir megi halda öllum sínum borgaralegu rjettindum, í það minsta um nokkurra ára skeið.

2. Að þurfamannaflutningi verði hagað svo, að mannúðlegri verði en áður.

3. Að frestur sá, sem 66. gr. laganna ræðir um, verði lengdur.

4. Að athugað sje, hvort ekki muni gerlegt að stytta sveitfestistímann.

Þaræð þáverandi stjórn ekki hafði orðið við þessari áskorun var ályktunin endurtekin í neðri deild árið 1921.

Samkvæmt vilýrði sínu á síðasta þingi, hefir stjórnin tekið málið til yfirvegunar. Við grandgæfilega athugun málsins í heild sinni kemur það fljótlega í ljós, að gagngerð breyting á fátækralögum er enn alls ekki tímabær og beinlínis óráðleg. Áður en slíkt yrði gert þyrfti þroski þjóðfélagsins í fjölmörgum greinum að vera kominn á alt annað og fullkomnara stig en nú er. Enda mun þingið naumast hafa ætlast til þess, að ráðist væri í það að þessu sinni að umsteypa fátækralöggjöfnni. Heldur mun það hafa verið meiningin, að tekin væri til meðferðar þau atriði, sem þingsál. sjerstaklega greinir, og annað, sem stæði í sambandi við þau. Skulu nú þessi 4 atriði rakin, og þeir tveir liðirnir teknir fyrst, sem stjórnin getur ekki fallist á að breyta þurfi.

2. liður þingsál. Hjer er það framkvæmd gildandi laga, sem alt er undir komið, en lagafyrirmælunum sjálfum virðist ekki svo áfátt, að þeim þurfi að breyta því að þurfamannaflutningar eru enn þá óhjákvæmilegir. Nú orðið mun heldur ekki þurfa að kvarta yfir illri meðferð þurfalunga á fátækraflutningi og eitt er víst, að til stjórnarráðsins hafa ekki borist kærur yfir illri meðferð fólks á þurfamannaflutningi, en hitt hefir borið við, að kæra hafi komið yfir illri meðferð þurfalings heima í framfærsluveit hans. Þá má líka fullyrða það, að manuúðarkendin fer vaxandi með þjóð vorri og sem betur fer munu þeir víðast vera til í hjeruðum, sem fyndu það skyldu sína að beina því máli á rjettan stað, ef þess yrði vart, að sveitarstjórnarmenn ljekju illa bágstadda menn, sem fluttir væru þurfamannaflutningi. Í þessu atriði þykja fátækralögin því ekki þurfa breytinga við.

3. liður þingsál. virðist sprottinn af misskilningi. Það er skemst af að segja, að á ákvæðum 66. gr. fátækralaganna má alls ekki slaka. Þau eru þannig, að engir erfiðismunir eru fyrir nokkra sveitarstjórn að fullnægja þeim ákvæðum stöðugt rjettilega. Að visu hefir það stundum borið við, að brestur hefir orðið á þessu, en það hefir ekki stafað af erfiðleikum heldur beinlínis og eingöngu af tómlæti, vanrækslu.

Það er 1. og 4. liður þingsál. sem stjórnin hefir talið fulla ástæðu til að taka til greina.

Um það verður ekki deilt, að það eru takmörk fyrir því, hversu mikið fullfriskur og vinnandi maður getur úr bítum borið af iðju sinni. Framfærslumöguleikar fjölskyldumanns eru takmarkaðir. Ef framfærslumagu manns hefir

náð vissu marki, en þyrfti að ná lengra til þess að hann gæli sjed sjer og framfæringum sínum fyrir fullu uppeldi, verður sú spurning fyrir, hvort hann skuli sviftur borgaralegum rjettindum vegna þess að hann þarf að knýja á dyr hins opinbera til að fleyta sjer. Nú mundi svarið frá almennu mannúðarsjónarmiði væntanlega vera eitthvað á þessa leið: Ef maðurinn hefir lagt fram alla krafla sína til þess að sjá sjer og sínum borgið, verður ekki meira af honum heimtað; hann hefir gert skyldu sína og þjóðfjelagið verður að veita þessum borgara sínum þann styrk, sem nauðsynlegur er, án þess að hnekkja virðingu hans eða svifta hann rjetti sínum á nokkurn hátt. Þessi hugsun hefir þó ekki getað orðið framkvæmd í verki til þessa, því að með þágu af sveitarfje hefir ætíð verið látinn fylgja missir nokkurra rjettinda. En á hinn bóginn hefir á síðari árum verið stefnt að því að reyna að gera greinarmun á því, hversvegna menn eru þurfandi orðnir. Það mun og nú alment viðurkent, að það sje rangt að mæla með sömu alin mann, sem að eins nokkuð skortir á, að geti framfleytt sjer og sínum, annaðhvort sökum mjög mikillar ómegðar eða vegna sjúkdóma, slysa eða elli, og hinn, sem þurfandi verður sökum leti og ómenskuráðleysis. Á hinu hefir strandað að finna hinn rjetta meðalveg og reglur, sem fylgt yrði í framkvæmdinni til nokkurar hlitar. En þar sem þessi stefna er talin rjett, verður að finna leiðina sem leiðir að markinu. Í frumvarpinu er því reynt að finna þá lausn á málinu, sem í reyndinni á að vera hægt að framkvæma. Frv. raskar ekki grundvallarreglum fátækralaganna, en tekur hinsvegar tillit til sanngirni og mannúðar í samræmi við kröfur nútíðarinnar.

Um einstakar greinar frv. skal tekið fram það, sem á eftir fer.

#### Um 1. gr.

Í þessari grein er að eins stigið feti lengra á sömu braut og í lögum nr. 61, 27. júní 1921, 1. gr. 3. málsgr. Þetta spor verður að stíga, því að með tilliti til rjettindamissis sjúkra þurfalinga er annars svo makalaust ósamræmi, að sá sjúklingur, sem er svo heppinn að búa í nánd við sjúkrahús og fluttur þangað, missir einkis í af rjettindum sínum, en hinn sem vegna fjarlægðar frá sjúkrahúsi eða vegna annara erfiðleika ekki fær þar vist, kemst miskunarlaust í tölu sveitarlima með þeim afleiðingum, sem það hefir. Þegar um sama sjúkdóm er að ræða eða ef til vill enn þungbærari hjá hinum síðarnefnda, kemur þetta misrjetti hræðilega í ljós. Takmörkin, sem í greininni eru sett, geta auðvitað verið að álitum, en einhver verða þau að vera og þá hefir sú leið, sem þar er valin, virst bæði fær og sanngjörn. Læknisvottorðs verður hiklaust að krefjast, enda ekki svo ekki erfitt að ná í lækni í flestum sveitum nú orðið, að það ætti að vera vinnandi vegur í öllum tilfellum, sem ákvæðum greinarinnar annars gæti orðið beitt.

#### Um 2. gr.

Aldurstakmarkið er sett í samræmi við ákvæði 33. gr. fátækralaganna um, að maður vinni sjer ekki sveitfesti eftir 65 ára aldur. Ellistyrktarsjóðir vorir eru svo smávaxnir enn, að þeir hrökkva skamt til að koma að fullu haldi. Að öðru leyti þykir þessi grein ekki þurfa skýringa við.

### Um 3. gr.

Um veitingu styrks þess, er um ræðir í lögum þessum til utansveitarþurfalinga, þykja ekki aðrar reglur hallkvæmari en gildandi reglur fátækralaganna. En eyðublóðum þeim, er notuð hafa verið, þyrfti að breyta í fám atriðum og bæta við nokkrum liðum.

### Um 4. gr.

Það þykir ekki verða hjá því komist, að flutning til framfærsluveitar megi framkvæma á þurfamönnum samkv. lögum þessum. En skilyrðin fyrir því, að flutningur megi framfara, eru hert allmikið frá því, sem er í fátækralögunum. Þriggja ára markið er sett með hliðsjón af ákvæði 5. gr. um sveitfestistímann. Þykir vel við eiga, að maður hafi aflað sjer aukinna rjettinda gagnvart framfærsluveit sinni með 3ja ára styrklausri dvöl. Því virðist einnig rjett að krafa dvalarsveitar um flutning sje lögð undir úrskurð hlutaðeigandi lögreglustjóra. Að öðru leyti þykir greinin ekki þurfa skýringa.

### Um 5. gr.

Um lengd sveitfestistímans mætti skrifa langt mál, enda hefir um það atriði verið bæði talað og ritað hjer á landi, meira en um nokkurt annað ákvæði fátækralögjafarinnar. En rækilegast hefir verið ritað um málið í álitu millipinganeftdarinnar 1905. Meiri hl. nefndarinnar lagði til, að sveitfestistíminn væri færður niður í 2 ár, en minni hl. vildi láta mann vinna þar sveitfesti, sem hann eftir 15 ára aldur hafði dvalið lengst, en ekki styttri tíma en 10 ár samtals, en gildandi lög krefjast 10 ára samfleyttar dvalar. Þetta ákvæði náði samþykki þingsins 1905 með litlum atkvæðamun. Þessi langi sveitfestistími hefir um fleiri áratugi orkað tvímælis, enda margfalt lengri en víðast hvar annarsstaðar í menningarlöndum álfunnar. Vera má, að það hafi verið oflangt stökk frá því, sem áður var, að ákveða sveitfestistímann tvö ár, en nú eru liðin undir 20 ár síðan fátækralögin urðu til og það má óhikað fullyrða það, að síðan hefir orðið stórmikil breyting á þjóðlífi voru, ekki síst á atvinnumálasviðinu með tilliti til vistarfars og verkráðningar fólks. Ber hjer alt að sama brunni og í nágrennalöndum vorum, fólkið flytur sig til atvinnureksturs sí og æ sveita á milli og milli landsfjórðunga einnig. Þau bönd, sem bundu fyrrum hjer á landi eru ekki lengur. Árshjú eru orðin sjaldgæf. Rjetturinn til lausamensku hefir engin takmörk. Tálmanir gegn búsetu manna eru engar. Og þrá fólks eftir nýjum heimkynnum er mikil. Alt þetta hefir það í för með sjer tvímælalaust, að það er engin sanngirni í því að láta fæðingarsveit manna í lengstu lög bera byrðina af þeim, þegar þeir eru orðnir þurfamenn. Það er því orðin rík ástæða til að takmarka áhættu fæðingarsveitarinnar af þurfamönnum meira en áður hefir átt sjer stað og það verður best gert með því að stytta sveitfestistímann. Hinsvegar þykir það víðurhlutamikið og ósýnt, hverjar afleiðingar það hefði að hverfa alveg frá hinni gömlu meginreglu, »að vinna sjer sveit«, og láta það sveitarfjelag sjá fyrir þurfamanni, þar sem hann gæfist upp. Það verður því að telja varlegast farið, en þó efalaus rjettarbót, og það ekki síst gagnvart einstaklingnum sjálfum, að maður vinni sjer sveit á 5 árum. En jafnframt er stungið upp á því nýmæli, að maður geti fyrst byrjað að vinna sjer sveit eftir að hann er kominn til lögald-

urs eða er 21 árs að aldri. Áraskeiðið 16–21 virðist nú orðið alls ekki til þess fallið, að unglingur vinni sjer sveit, þótt svo kunni fyr á tímum að hafa verið, meðan unglingar gátu ekki hugað á annað ráð en að ráða sig í ársvist.

Um 6. gr.

Fyrri málsgr. er í samræmi við sambandslögin og síðari málsgr. er samhljóða 37. gr. fátækralaganna, nema um sveitfestistímann.

Um 7. gr.

Ákvæði þau, sem þessi grein geymir, þykja sjálfsgöð til þess að sveitfestisákvæðið taki sem fyrst að verka og 2ja ára tímabilið þótti fara næst sanni fyrir þá, sem dvalið hafa hálfan sveitfestistíma eftir gildandi lögum eða meira, og rjettur einkis skertur.

Um 8. gr.

Parf ekki skýringa.